

Nr. 19-140 S 084 Drangey SK 2***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2893
IMO 9758222
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: FISK-Seafood ehf
Stærð: 2080,78 bt
Mesta lengd: 62,55 m Skráð lengd: 58,47 m
Breidd: 13,52 m Dýpt: 8,20 m
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Drangey©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. apríl 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. september 2019 var Drangey SK 2 á siglingu á Skagafirði. Veður: Gola og ládaður sjór.

Skipverjar voru draga tunnu fulla af nýjum grandarakeðjum fram eftir veðurþilfarinu með svokölluðu trixaspili þegar hún féll á sköflunginn á einum þeirra. Fóturinn bólgnaði strax upp og var slasaði fluttur í land með léttbát skipsins og þaðan á sjúkrahús. Í ljós kom að slasaði hafði marist illa.

Við rannsókn kom fram:

- að sjóbúa átti tunnuna á milli grandaraspilanna;
- að þegar tunnan var dregin fram eftir þilfarinu stöðvaðist hún á kanti (misfelli) á þilfarinu. Skipverjinn reyndi þá að koma í veg fyrir að hún félli en klemmdi fótinn þegar tunnan féll um koll;
- að trixaspilinu var stjórnað á veðurþilfarinu en var aðeins með af/á stýringu;
- að eftir slysið var verklagi breytt þannig að keðjurnar skyldu teknar úr tunnunum á afturþilfari, dregnar fram eftir og settar þar í plastkór.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.